



Vestmannaeyjabær

Vestmannaeyjar, 12. maí 2025
202503038 dh

Vestmannaeyjabær Framkvæmdaleyfi

Heiti framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdaleyfi vegna lagningar Vestmannaeyjalína 4 og 5 (VM4 og VM5) á bæjarlandi Vestmannaeyjabæjar

Leyfishafi:

Landsnet hf.
580804-2410
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Leyfisveitandi:

Vestmannaeyjabær
690269-0159
Kirkjuvegi 50
900 Vestmannaeyjum

Fylgigögn framkvæmdaleyfis:

- a) VM4 og VM5 uppdættir
- b) 5663238-VM4-AMO-0100_umsókn um framkvæmdaleyfi
- c) Áhrifamat-jarðstrengir-VM4_5-Vestmannaeyjabær
- d) Vestmannaeyjar. Frekari upplýsingar með framkvæmdaleyfisumsókn
- e) Heimild Samgöngustofu
- f) heimild UOS_til_lagningar_sæstrengs_Vestmannaeyjar
- g) VM5_Hnitakort_250505
- h) VM4_Hnitakort_250505

Vistuð í skjalakerfi Vestmannaeyjabæjar undir máli „Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna Vestmannaeyjalína 4 og 5 (VM4 og VM5) – 202503257“.

Útgáfa framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdaleyfi þetta er gefið út á grundvelli reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og skipulagslaga nr. 123/2010. Með vísan til samþykktar bæjarstjórnar Vestmannaeyja þann 11. september 2024 á breyttu Aðalskipulagi Vestmananeyja 2015-2035 vegna lagningu Vestmannaeyjalína 4 og 5 (VM4 og VM5) er hér með veitt framkvæmdaleyfi til að:

- Landtaka háspennukapla í austanverðri Gjábackafjöru.
- Grafa skurði skv. skilgreindri leið.
- Þverun gatna þar sem þess er þörf.
- Þverun annarra innviða þar sem þess er þörf
- Lagningu rafmagnskapla í skurð.
- Uppfylling skurða, landmótun og frágangur jarðvegs.

Ráðhúsinu, Pósthólf 60, 902 Vestmannaeyjum
Sími 488-2000, Kennitala 690269-0159
Vefsíða www.vestmannaeyjar.is



Vestmannaeyjabær

Ofantaldir verkþættir skulu unnir í samstarfi við Vestmannaeyjabæ og skal bærinn upplýsur um upphaf og framgang hvers verkþáttar.

Almennir skilmálar framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdina skal vinna samfelld, eða í eins fáum samfelldum lotum og unnt er með hliðsjón af eðli framkvæmdar. Vísað er til 13 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 varðandi framgang verksins.

Umgengni á framkvæmdasvæði skal vera góð og fyllsta öryggis gætt með tilliti til allrar umferðar við framkvæmdasvæðið. Nota skal umferðarmerkingar og borða til að vekja athygli á skurðum, lokuðum vegum og breytttri umferð. Einnig er mikilvægt að starfsfólk framkvæmdarinnar sé klætt sýnileikafatnaði.

Lagning rafstrengja á Eldfellshrauni

Framkvæmdasvæðið er umlukið náttúru sem hefur hátt verndargildi. Vestmannaeyjabær áréttar að rík áhersla verði lögð á að takmarka allt óþarfa rask og að hrauni verði ekki raskað meira en þörf krefur. Mikilvægt er að framkvæmdaaðili miðli þeim upplýsingum áleiðis til verktaka og undirverktaka.

Framkvæmdin skal unnin í samræmi við ákvæði kafla 5.2.1 Aðalskipulags Vestmannaeyjabæjar 2015-2035 um Rafveitu sem segir m.a. „Háspennustrengir í flutningskerfi eru færðir inn á aðalskipulagsuppdrátt en lega þeirra getur tekið hóflegum breytingum við nánari ákvörðun á hönnunar- og framkvæmdastigi, til þess að lágmarka rask og fella leguna betur að landi.“

„Um frágang vegna lagningar háspennustrengja á svæðum með hraunfyrirborði og hverfisvernduðum svæðum gilda eftirfarandi sérákvæði:

- Að hraunsteinar séu teknir frá og notaðir við að endurgera umhverfi.
- Að nákvæmt leiðarval sé ákveðið út frá hraunmyndunum á hverjum stað – mögulega verði stundum meira bil milli strengja til að sneiða hjá hraunmyndunum.
- Að þar sem strengjaleiðir breyta eðlilegu landslagi vikursyfyrirborðs (t.d. vegna skeringa eða þar sem eru hólar) að þar sé leitast við að endurgera yfirborðið.
- Að leitast sé við að nýjar gönguleiðir séu búnar til þar sem strengjaleiðir búa til nýtt aðgengi.“

Við framkvæmdir vegna VM4 og VM5 skal sérstaklega huga að endurgerð eðlilegs landslags, m.a. með því að endurgera eðlilega landflága aðliggjandi umhverfis eftir að strengjaleið er lögð. Sérlega er lögð áhersla á að vanda til umherfisfrágangs og endurgerð við svokallaða Hraunstíga sem liggja á landnotkunarreit Skógræktarsvæðis (SL1) sem eru vinsælt útivistarsvæði og ferðamannasvæði.

Svæði ofan Gjábakka fjöru er stórbrotið og óraskað hraunfyrirborð sem hlotið hefur hverfisvernd. Á svæðinu skal huga vel að því að sneiða framhjá hraunmyndum. Í gili ofan Gjábakka fjöru skal huga sérstaklega að því að skurðir falli vel að aðliggjandi svæði og að landhalli geti boðið uppá nýja gönguleið að Gjábakka fjöru.

Snyrtilega skal gengið frá framkvæmdasvæðinu að framkvæmd lokinni og leitast við að jarðvegur sé sem næst upprunalegu ástandi. Einungis skal nota efni af svæðinu í frágang efri jarðvegslaga.



Vestmannaeyjabær

Landtaka í Gjábackkafjöru

Landtaka í Gjábackkafjöru getur haft áhrif á umferð um Vestmannaeyjahöfn og jafnvel verður nauðsynlegt að loka umferð um höfnina. Leyfishafa er ljóst að ytri höfninni fylgja ákveðnar athafnir og starfsemi.

Samráð verður haft við hafnarstjórna varðandi lagningu strengja á ytra svæði Vestmannaeyjahafnar og hagaðilar hafnarinnar upplýstir tímanlegaum um skorður á umferð um höfnina.

Vestmannaeyjahöfn verður gert viðvart um vinnu á ytra svæði Vestmannaeyjahafnar með a.m.k. 4 vikna fyrirvara.

Þverandir Vega

Nauðsynlegt verður að leggja skurð yfir Skansveg á tveimur stöðum. Lokanir vega og vegslóða að framkvæmdasvæði og merkingar skulu vera í samráði við Umhverfis- og framkvæmdavið Vestmannaeyjabær og lögreglu. Skal framkvæmdaaðili upplýsa starfsfólk sviðsins um upphaf framkvæmda og lokanir vega.

Sérstaklega skal huga að því að innviðir séu lagðir hratt í skurði sem þvera vegi og þeim lokað á nýjan leik þannig að umferð tefjist ekki lengur en þörf er á.

Leyfishafi skal tryggja að aðrir vegir og slóðar skemmist ekki vegna starfsemi sinnar.

Þveranir veitna

Nauðsynlegt verður að þvera lagnir HS Veitna á framkvæmdatímanum. Eigendum mannvirkja og veitna verður gert viðvart um vinnu við þverun lagna með a.m.k. 4 vikna fyrirvara.

Upphafsfundur

Í upphafi verks verður haldinn upphafsfundur í Vestmannaeyjum þar sem farið verður yfir verkefnið með þeim verktökum sem fengnir verða til verkefnisins auk fulltrúa frá Landsnet og Vestmannaeyjabæ.

Á fundinum verður farið yfir hvern kafla lagnaleiðarinnar og ræddar tillögur að tilhögun framkvæmda og aðgerð er varða verndur hraunfyrirborðs og endurgerð umhverfis.

Hæfi framkvæmdaraðila og miðlun

Leitast verður við að fá til verksins framkvæmdaraðila sem hafa reynslu og hafa sýnt frammá góðan árangur við sambærilegar framkvæmdir á viðkvæmum svæðum. Kröfur verða gerðar um slíka reynslu í útboði.

Allir undirverktakar sem fengnir verða til verkefnisins skulu upplýstir um kröfur um frágang og vinnuaðferðir. Framkvæmdaraðili sem ráðinn er til verkefnisins í útboði hefur ábyrgð á þessari miðlun.

Eftirlit með framkvæmdum:

Vestmannaeyjabær skipar skv. 16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirlitsnefnd með framkvæmdunum.



Vestmannaeyjabær

Eftirlitsnefnd:

- Brynjar Ólafsson framkvæmdastjóri Umhverfis- og skipulagssviðs
- Dagný Hauksdóttir Skipulags- og umhverfisfulltrúi
- Rannveig Ísfjörð Byggingarfulltrúi

Lok framkvæmda

Þegar að leyfishafi telur framkvæmdum lokið skal hann hafa samband við leyfisveitanda og óska eftir úttekt. Verkið telst fyrst lokið þegar leyfishafi hefur komið til móts við sanngjarnar athugasemdir sem leyfisveitandi kann að hafa.

Útgáfudagur og gildistími:

Framkvæmdaleyfið er tímabundið, en midast við framkvæmdatíma hinnar leyfisskyldu framkvæmdar. Framkvæmdaleyfid fellur úr gildi hafi framkvæmd ekki verið hafin innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað.

Undirskrift,

Dagný Hauksdóttir

Skipulags- og umhverfisfulltrúi